

# Auglýsing um deiliskipulag á Seltjarnarnesi

Bæjarstjórn Seltjarnarness auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi Vestursvæðis á Seltjarnarnesi skv. 25 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagssvæðið nær til ysta hluta Framness, Gróttu, Suðurness og Vestursvæðis. Svæðið afmarkast af jaðri núverandi byggðar og strönd, ásamt spildu á norðaustanverðu svæðinu. Undanskilið frá þessu skipulagi er afmarkað svæði umhverfis fyrirhugað Lækningjaminsafn.

Tillaga verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Austurströnd 2 og á Bókasafni Seltjarnarness við Eiðistorg frá og með mánudeginum 6. apríl til miðvikudagsins 6. maí 2009. Tillagan verður einnig til sýnis á heimasíðu Seltjarnarness, [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is).

Peim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skriflegum athugasemdum ef einhverjar eru skal skilað á bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2, eigi síðar en 21. maí 2009. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Ólafur Melsted  
Skipulagsstjóri Seltjarnarness

